



Reglur um heilsueflingarstyrk

Akraneskaupstaður hefur sett sér stefnu um farsælt starfsumhverfi með það að markmiði að hlúa að starfsmönnum og beita forvirkum aðgerðum. Liður í því er að styðja við heilsueflingu starfsfólks.

Með vísan til framangreinds býður Akraneskaupstaður starfsfólki sveitarfélagsins, fyrir þá sem starfa í 50% starfshlutfalli eða meira, gjaldfrjálsan aðgang að sundlaugum Akraneskaupstaðar. Aðgangurinn gildir í sundlaug Jaðarsbakka, Guðlaugu og Bjarnalaug.

Starfsfólk þarf ekki að leggja út fyrir kaupum á aðgangsheimild heldur er aðgangur veittur beint gegn framvísun starfsauðkennis eða með öðrum hætti samkvæmt fyrirkomulagi íþróttamannvirkjana. Aðgangsheimildin gildir að hámarki í eitt ár.

Til viðbótar getur starfsfólki Akraneskaupstaðar staðið til boða afsláttarkjör eða sérstök tilboð hjá líkamsræktarstöðvum og annarri heilsueflandi starfsemi fyrir. Slík tilboð eru kynnt sérstaklega eftir því sem þau bjóðast.

Heilsueflingarstyrkurinn er persónulegur og eingöngu ætlaður fyrir starfsmann sjálfan. Ekki er heimilt að framselja eða lána aðgangsheimild til annarra.

Samþykkt í bæjarráði þann 6. nóvember 2025

F.h. Akraneskaupstaðar


AKRANESI

Haraldur Benediktsson

bæjarstjóri